

Mál nr. 171/2006

M
og
Vátryggingafélagið X v/B sem var með hestakerruna C
og
Vátryggingafélagið Y v/A

Árekstur á Norðurlandsvegi, Akrahreppi, þann 04.07. 2006.

Gögn.

1. Málskot móttakið 07.09. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 13.09. 2006.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

A var ekið norður Norðurlandsveg og ætlaði ökumaður hennar að aka vestur á straumgarð við Héraðsvötn. Hann beygði til vinstri í þann sama mund sem B var ekið fram úr þannig að A lenti á C (hestakerrunni).

Vátryggingafélag B telur að ökumaður B hafi borið sig rétt að við framúraksturinn og að ökumaður A beri ábyrgð árekstrinum.

Álit.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum fyrir að huga ekki að þeirri umferð sem á eftir kom er hann beygði til vinstri.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á B miðað við gögn máls þessa.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 4. október 2006

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.